

Nr. 111

30. janúar 2002

Breytingar á 4. gr. staðfestar af sýslumanni Sauðárkróks 31. mars 2010.

Breytingar á 5. gr. staðfestar af sýslumanni Sauðárkróks 10. júlí 2012.

## **SKIPULAGSSKRÁ**

### **fyrir Styrktarsjóð Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar.**

#### **1. gr.**

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Margaret og Bent Scheving Thorsteinssonar. Hann er stofnaður 25. september 2001 af Bent Scheving Thorsteinsson með framlagi kr. 11.910.000.

#### **2. gr.**

Markmið sjóðsins er að standa fyrir rannsóknum á einelti og kanna allar lagalegar og siðferðilegar leiðir til að fyrirbyggja einelti og bæta fyrir afleiðingar þess.

#### **3. gr.**

Sjóðurinn skal vera í vörslu Háskóla Íslands og ávaxtaður á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir með reikningum Háskólasjóða.

#### **4. gr.**

Rektor Háskóla Íslands skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins. Forseti Félagsvísindasviðs tilnefnir tvo menn í stjórn og skal annar þeirra vera fulltrúi lagadeildar. Forseti Menntavísindasviðs tilnefnir einn mann í stjórn. Við tilnefningar í stjórn sjóðsins skal taka mið af tilgangi og markmiði sjóðsins.

Hlutverk stjórnar er að gera tillögur til rektors um einstakar styrkveitingar og kemur stjórnin saman að minnsta kosti árlega. Stjórnin setur sér nánari starfsreglur um úthlutanir svo sem einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, innan ákvæða skipulagsskrár. Reglur um úthlutanir skal endurskoða árelga.

Stjórnin ritar fundargerðir, heldur fundargerðabók og skal afrit fundargerða sent umsjónarmanni styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Stjórn er heimilt að úthluta styrkjum úr sjóðnum án auglýsingar.

#### **5. gr.**

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar. Ekki má úthluta hærri upphæð en 3/4 af ávöxtun næstliðins árs. Óúthlutaðir vextir leggjast við stofnfé.

#### **6. gr.**

Það er ósk gefanda að úthlutun úr sjóðnum fari fram við hátíðlega opinbera athöfn og nánar greint frá henni í fjölmiðlum og Árbók Háskólans.

#### **7. gr.**

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef stjórn sjóðsins telur það nauðsynlegt.

#### **8. gr.**

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til málefna tengdra markmiðum sjóðsins.

**9. gr.**

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá Styrktarsjóðs Margaretar og Bents Scheving Thorsteinssonar hjá dómsmálaráðuneytinu í samræmi við lög um sjóði nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 2002.

F. h. R.  
Jón Thors.  
Fanney Óskarsdóttir.